


Afstöðumynd

1 : 500

| Skráningartafla: Sævangur 47 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landnúmer: 122711 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Matshlutanúmer: 01 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Skrásetjari: Þorsteinn Aðalbjörnsson | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Kennitala: 0603745709 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Útgáfa: 4.01c Dags.: 4.05.2020 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Uppskipting og fýsing | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-rss | D2 Notkun texti | D3 Hönnuð-flokkun | D4 Eignar-hald | Stærðir D5 Brefleftur m² | D5M Millifletur m² | D6 Svalir m² | D7 Op m² | D8 Brúttófletur m² | D9 Brúttófletur sh. < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettófletur m² | D15 Árt flatarmál m² | Reiknaðar skiptarúmmál m | D17 Skipta-rúmmál m³ |
| | | Matshluti | | | 609,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 354,4 | 254,7 | | | 1.206,7 | 304,1 | 354,4 | | 941,160 |
| | | Botn | | | | | | | | | | | 50,9 | | | | |
| | 00 | Kjallari | | | 99,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 99,7 | 0,0 | | | 239,3 | 93,7 | 99,7 | | |
| A | 0001 | Kjallari | N | 0101 | 99,7 | | | | 99,7 | | 2,40 | 2,40 | 239,3 | 93,7 | 99,7 | 2,40 | 200,860 |
| | 01 | 1. hæð | | | 509,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 254,7 | 254,7 | | | 916,5 | 220,4 | 254,7 | | |
| A | 0101 | Íbúð | N | 0101 | 194,8 | | | | 194,8 | | 2,70 | 2,70 | 526,1 | 168,4 | 194,8 | 2,70 | 454,680 |
| A | 0102 | Bílskúr | B | 0102 | 59,9 | | | | 59,9 | | 3,00 | 3,00 | 179,7 | 52,0 | 59,9 | 3,00 | 156,000 |
| A | 0103 | Þakrými | V | 0101 | 254,7 | | | | | 254,7 | 0,28 | 1,60 | 210,8 | | | | |
| BC | 0104 | Svalir | S | 0101 | 22,7 | | | | 22,7 | | | | | | | 1,00 | 22,700 |
| CB | 0105 | Svalir | S | 0101 | 19,0 | | | | 19,0 | | | | | | | 1,00 | 19,000 |
| CB | 0106 | Verönd | S | 0101 | 87,9 | | | | 87,9 | | | | | | | 1,00 | 87,900 |

Athugasemdir

Bílskúr tilheyrir 0101

Samelginir sumra

Eignarhald

| Eignar-hald | Notkun texti | Árt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | Íbúð | 294,5 | 785,160 | 785,160 |
| 0102 | Bílskúr | 59,9 | 156,000 | 156,000 |
| | Alls | 354,4 | 941,160 | 941,160 |

Skráningartafla

**BYGGINGARLÝSING:**

**MATSHLUTI 01**

| | |
|---|---|
| Lóð: | Sævangur 47, Hafnarfirði |
| Landnúmer: | 122711 |
| Staðgreinir: | 1400-1-86500470 |
| Lóðarstærð: | 900 m² |
| Brúttóflatarmál: | 354,4 m² |
| Nýtingarhlutfall: | 0,39 |

| Núverandi hús (Fyrir breytingu) | |
|---|---|
| Brúttóflatarmál: | 339,2 m² |
| Brúttórúmmál: | 1155,5 m³ |
| **Stækkun** | |
| Brúttóflatarmál: | 15,2 m² |
| Brúttórúmmál: | 51,2 m³ |
| **Hús (Eftir breytingu)** | |
| Brúttóflatarmál: | 354,4 m² |
| Brúttórúmmál: | 1206,7 m³ |

**Almennt:**
Um er að ræða viðbyggingu við einbýlishús, viðbættar svalir og verönd og breytingu á núverandi glugga í hurð á vesturhlið hússins.

Viðbyggingin er úr timbri og aflokar núverandi vegginnskoti í norð-vestur horni hússins. Steyptar svalir og handrið er byggð meðfram vesturhlið hússins út frá stofu á 2. hæð og til norðurs og er áfóst núverandi húsi. Timburverönd er byggð í beinu framhaldi út frá steyptu svölunum til norðurs meðfram vesturhliðinni og yfir á norðurhlið hússins meðfram viðbyggingu. Ný hurð kemur í stað glugga í núverandi útvegg á vesturhlið frá stofu út á steyptar svalir.

**Innra skipulag viðbyggingar:**
Viðbygging tengist hjónaherbergi sem staðsett er í norð-vestur horni hússins og ný hurð sett á milli rýma í núverandi útvegg á norðurhlið. Viðbyggingin inniheldur fataherbergi ásamt baðherbergi og salerni. Gengið er út á timburverönd úr viðbyggingu til vesturs.

**Burðarvirki:**
Núverandi hús:
Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu.
Útveggir eru steyptir veggir, einangraðir að innan.

Viðbygging:
Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu.
Útveggir eru léttir timburgrindarveggir klæddir að utan með liggjandi timburklæðningu.

Léttir innveggir eru klæddir beggja vegna með krossviðs- og gifsplötum á blikkstoðir.

Þak núverandi byggingar er kalt, uppstólað timburþak á einangraða steypta plötu.
Timbursperrur, stólar og fótreimar í þaki eru almennt 45 x 95 mm nema á suðurhlið, þar eru sperrur 45 x 195 mm. Sperrubil c/c 600 mm.
Kvörksperrur í þaki eru almennt 45 x 145 mm en 45 x 195 mm í SA og SV horni húss.
Núverandi þak nær heilt yfir innskot sem viðbygging aflokar og hefst óbreytt.
Þakplata/loft í viðbyggingu er framlengd yfir innskot með 45 x 220 mm timbursperrum, c/c 600 mm og tengjast á milli núverandi útveggja og timburútveggja viðbyggingar. Sperrubil eru einangruð.

**Byggingarefni, litir & einangrun:**
Sökklar eru staðsteyptir, einangraðir að innan með 100mm polystyren (U-gildi 0,4 W/m²).

Botnplata er staðsteypt, einangruð með 100mm polystyren undir plötu (U-gildi 0,3 W/m²).

Útveggir viðbyggingar eru léttir timburgrindarveggir 45 x 145 mm stoðir, c/c 600 mm, einangrunarfylltir með 150 mm þéttull á milli stoða.
Þéttull: 22-50 kg/m3. (U-gildi 0,3 W/m²).
Vegið meðaltal útveggja skal vera undir 0,85 W/M².
Útveggir eru klæddir að utanverðu með liggjandi timburklæðningu samskonar og á yfirborði timburveranda.
Klæðningar festast á 21 x 70 mm loftunargrind úr timbri.
Útveggir eru klæddir að innanverðu með krossviðs- og gifsplötum sem festast á rafmagnsgrind.
Yfirborð útveggja að innanverðu er spartlað og málað.
Núverandi útveggir eru hraunaðir og hvítmálaðir að utan.

Innveggir eru einangrunarfylltar blikkstoðir 35 x 70 mm stoðir, c/c 600 mm, klæddar beggja vegna með krossviðs- og gifsplötum. Yfirborð innveggja er spartlað og málað.
Veggir í votrýmum verða klæddir vatnsþolnu gifsi á blikkstoðir.

Núverandi þak er valmaþak með 13° halla. Sperruvirki c/c 600 mm. Þaksperrur eru heilklæddar með 25 x 150 mm borðaklæðningu og vindpappi heftur ofan á borðaklæðningu. Þakklæðning er bárað, rauðlitað Aluzink (18/76) og leggst beint á vindpappa. Þak er einangrað ofan á steypta þakplötu með 200 mm steinullareinangrun með áföstum vindpappa. (U-gildi 0,21 W/m²).

Undir sperruloft í viðbyggingu kemur rakasperra og þar undir kemur niðurlækkuð rafmagnsgrind úr áli sem festist í sperrur. 13 mm gifsplötur skrúfast að lokum neðan á álgrindur. Yfirborð loftaflata er spartlað og málað. (U-gildi 0,21 W/m²).

Þakkantar eru klæddir með gagnvörðum, brúnmáluðum furuborðum í sama litatón og núverandi þakkantar
Klætt er undir þakskegg með samskonar timburborðum og í sama lit og eru undir núverandi þakskeggi.
Þakrennur eru hvítlitaðar og utanáliggjandi.

Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.

Útihurðir og gluggar eru úr tré og hvítmáláðir bæði að utan- og innanverðu.
Gler skal að lágmarki vera tvöfalt k-gler (U-gildi 2,0W/m²).
Hurðir og gluggar eru ísettir eftir á.

**Tæknibúnaður og Lagnaleiðir :**
Húsið er hitað upp með hefðbundnum vatnsfylltum ofnum.
Ofnalagnir eru staðsettar í rafmagnsgrind bak við klæðningu á innanverðum útveggjum og inn í léttum innveggjum. Neysluvatnslagnir eru ýmist ísteypt þex rör eða álplast inní léttum veggjum og/eða í lagnastokkum. Heitt neysluvatn er upphitað kalt vatn, hámarks hitastig neysluvatns á töppunarstað er 65°C skv. staðli. Fráveitulagnir innanhúss eru hefðbundnar plastlagnir. Raflagnir verða staðsettar í léttum veggjum og í lofti. Öll lagnavinna og allt lagnaefni skal vera samkvæmt íslenskum stöðlum og reglugerðum.

**Gólfniðurföll:**
Gegnumstreymisniðurföll skulu staðsett í öllum votrýmum. Auk þess skulu vera niðurföll í inntaksrýmum og sorpskýli.

**BRUNAVARNIR:**

**Notkunarflokkur:**
Húsið er í notkunarflokki 3.

**Brunahólf:**
Íbúð og bílskúr eru brunahólfandi byggingarhlutar.
Milliveggir sem aðskilja íbúð og bílskúr eru brunahólfandi byggingareiningar.
Brunahólf skulu vera a.m.k. EI 60 með EI2 30-CSm / EI2 30-Sm / E 30-CSm þar sem það á við.
Sorpgeymsla er utanhúss og skapar ekki sambrunahættu.

**Burðarvirki:**
Brunamótstaða aðalburðarvirkis verður a.m.k. R 60.

**Klæðningar:**
Klæðningar verða skv. staðlaröðinni ÍST EN 13501.
Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1, eða K210 B-s1,d0.
Yfirborð útveggja eru steypa, timbur og gifs þ.e. A efni.
Gólfefni verða í flokki G, eða Dfl-s1.
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki $T_L$ eða B(roof) (t2).
Niðurhengd loft og upphengikerfi skulu vera úr efnum sem uppfylla kröfu um B-s1,d0.

**Björgunarop:**
BO skal vera a.m.k. 60 cm x 90 cm og hæð frá gólfi <1,2 m.
Ekki eru lögleg björgunarop þar sem húsið var samþykkt í tíð eldri reglugerðar.
Þegar gluggar verða endurnýjaðir þá munu verða sett lögleg björgunarop á svefnherbergi.
Viðbygging inniheldur ekki íverurými.

**Brunaviðvörun:**
Reykskynjarar skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 14604.
Staka reykskynjara með hljóðgjafa skal staðsetja þannig að ekki sé minna en einn skynjari fyrir hverja 80 m² og minnst einn í hverri íbúð. Fjöldi og staðsetning reykskynjara skal valinn þannig að hjóðstyrkur í hverju einstöku rými sé ekki undir 75 dB(A).

**Slökkvibúnaður:**
Slökkvitæki skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 3.
Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.

**Loftræsing, reyklosun:**
Reyklosun er um glugga og hurðir.
Útsog skal vera úr öllum gluggalausum rýmum.

**Hljóðvist:**
Fylgja skal ákvæðum gr. 11.1.2 í byggingarreglugerð ásamt staðlinum ÍST 45 og leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar varðandi kröfur um hljóðvist.
Lofthljóðeinangrun og högghljóð milli ganga og íverurýma skulu uppfylla lágmarksstaðla.
Hljóðstig frá tæknibúnaði og öðrum hljóðgjöfum skal uppfylla kröfur um hæsta leyfilega hljóðstig.

**Sorp:**
Sorpskýli eru staðsett utandyra, næst bílastæðum. Gólfniðurfall eru staðsett í sorpskýli.

**Lóð:**
Endanlegur lóðafrágangur verður skv. lóðarteikningu.
Bílastæði á lóð eru þrjú.

**U-gildi:**
Lágmarks kólunarkrafa skal vera í samræmi við grein 13.3. í byggingarreglugerð er lúta að nýjum mannvirkjum. Skal leyfilegt hámark U-gilda einstakra byggingarhluta vera samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Byggingarhluti: | Leyfilegt hámark U-gildis (W/m²K) Ti ≥ 18°C | 18°C >Ti ≥ 10°C |
|---|---|---|
| Þak: | 0,20 | 0,30 |
| Útveggur: | 0,40 | 0,40 |
| Léttur útveggur: | 0,30 | 0,40 |
| Gluggar (Karmar, gler vegið meðaltal, K-gler): | 2,0 | 3,0 |
| Hurðir: | 3,0 | Engin krafa |
| Ofanljós (á ekki við): | 2,0 | 3,0 |
| Gólf á fyllingu: | 0,30 | 0,40 |
| Gólf að óupphituðu rými: | 0,30 | 0,40 |
| Gólf að útilofti: | 0,20 | 0,40 |
| Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir): | 0,85 | Engin krafa |

05.05.2020
LÖGGILTUR HÖFUÐBÓKARASVEINSINS

1:100 0 1 2 3 4 5 m

Samþykkt þann
06. MAÍ 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Helena Þrastardóttir

Lóðamörk
Byggingarreitur
Breytingar

**TÁKNSKÝRINGAR**

ALMENN TÁKN

| | |
|---|---|
| LR | Loftræsing |
| GN | Gólfniðurfall |
| ÞN | Þakniðurfall |
| SN | Svala-/skyggnisniðurfall |
| 01 | Matshlutanúmer |
| 0101 | Rýmisnúmer |
| 01-0101 | Matshluta- og rýmisnúmer |
| | Hæðarkóti á grunnmynd G = Gólf L = Lóð |
| | Hæðarkóti í snið / útlit |

ELDAVARNARTÁKN

Brunamótstaða byggingarhluta:

| | |
|---|---|
| EI 60 | - Eldtefjandi veggur |
| EI 30-CS | - Hurðir: C = Sjálflokandi S = Reykþétt |
| E 30 | - Eldvarnargler |
| REI 90 | - Heilleiki byggingarhluta |
| ÚT | Merktur og neyðarlýstur útgangur |
| | Útgangur |
| BO | Björgunarop |
| 25m | Slöngukefli (Lengd) |
| SL | Handslökkvitæki |
| ! | Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis |
| R | Reykskynjari |
| R | Reyklosun |

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: |
|---|---|---|---|
| D | 04.05.2020 | Breyting á blaðastærð úr A1 í A2, uppfærð skráningartafla. | ÞA |
| C | 24.11.2019 | Viðbættur byggingarreitur og málsetningar, breytingar á hæðarheitum, uppfærð skráningartafla og byggingarlýsing. | ÞA |
| B | 29.09.2019 | Viðbættar m2 og m3 stærðir á núverandi húsi og stækkun í byggingarlýsingu, breytingar merktar á útlitum, minnkun á timburverönd, viðbætt skjólgirðing. | ÞA |
| A | 17.07.2019 | Uppfærð byggingarlýsing, viðbættar merkingar og nánari skú gerð á breytingum | ÞA |

Verkheiti:
**Sævangur 47**

Heimilisfang:
Sævangur 47, 220 Hafnarfjörður

Verktegund:
Viðbygging

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Landnúmer:** | 122711 | **Staðgreinir:** | 1400-1-86500470 |

**100 - AÐALUPPDRÆTTIR**

**Afstöðumynd**
Byggingarlýsing og skráningartafla

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hannað af:** | ÞA | **Matshluti:** | 01 |
| **Teiknað af:** | ÞA | **Mælikvarði:** | 1 : 500 |
| **Yfirfarið af:** | ÞA | **Dagsetning:** | 04.05.2020 |

**Samþykkt:** Þorsteinn Aðalbjörnsson

ARTstone slf.
Eskivöllum 17, 221 Hafnarfirði
Sími: 860 9406
Kennitala: 540716-1290
Netfang: steini@artstone.is

| 1816 | – | – | – A | 100 | D |
|---|---|---|---|---|---|
| Verknúmer | Svæði | Áfangi | Ábyrgð | Númer | Útgáfa |

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðastærð: A2